



VINSTRI GRÆN

Gerum enn betur í Reykjavík

Reykjavík á að rúma okkur öll – fólkið sem býr í borginni og fólkið sem vill flytja í borgina – sama hvernig við erum og sama hvaðan við komum. Við eigum öll skilið að hafa jöfn tækifæri til lífs og leiks.

Vinstri græn vilja koma til leiðar með sterkara menntakerfi og velferðarþjónustu, öruggu húsnæði, góðum almenningssamgöngum og borgarskipulagi sem tekur tillit til alls þess mannlega en líka náttúrunnar og umhverfisins.

Við vitum að fólki líður best þegar það er frjálst og óheft – undan álagi samtímans, staðalmyndum kynjanna og hvers kyns ofbeldi en líka þegar það þarf ekki að hafa áhyggjur af hinu daglega amstri og að ná endum saman í Reykjavík.

Og við vitum að fólk þarf að lyfta andanum, bæði í einrúmi og í félagsskap við aðra, sækja söfn og kaffihús, fara í sund og í göngutrúa eða á leikvell eða einfaldlega skjótast til kaupmannsins á horninu. Og allt þetta má gera í Reykjavík. Borgin er fólkið sem í henni býr og fólkið sem hana skapar með tilveru sinni, hugviti, væntumþykju og auðvitað líka hversdagsleikanum.

Við Vinstri græn erum ánægð með höfuðborgina okkar og við viljum halda áfram og gera enn betur í Reykjavík. Með ykkur öllum.

Gerum Reykjavík vinstri græna eftir kosningarnar.

VINSTRI REYKJAVÍK

**BYGGJUM Á FÉLAGSLEGRI VELFERÐ OG ENDURREISUM
VERKAMANNABÚSTAÐI Í SAMVINNU VIÐ
VERKALÝÐSFÉLÖGIN**

- Fjölguum félagslegum leiguíbúðum um a.m.k. 600 á kjörtímabilinu
- Nýtum sterka stöðu borgarsjóðs í menntakerfið og velferðarþjónustu
- Höldum áfram að afnema gjaldtöku í leikskólum og grunnskólum í áföngum og gerum menntun barna endurgjaldslausu
- Opnum miðstöð innflytjenda í anda Bjarkarhlíðarmódelisins
- Vindum ofan af markaðsvæðingu í skólakerfinu og stöndum vörð um menntun barna
- Aukum samvinnu við húsnæðissamvinnufélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni
- Tryggjum félagslega blöndun í öllum hverfum og vinnum gegn stéttaskiptingu

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

GRÆNA REYKJAVÍK

STÍGUM ENN STÆRRI GRÆN SKREF Í REYKJAVÍK OG GRÍPUM TIL RÓTTÆKRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM AF MANNAVÖLDUM

- Tökum afgerandi og stór skref til að gera Reykjavík kolefnishlutlaus árið 2040
- Bætum almenningssamgöngur og komum borgarlínunni í framkvæmd
- Leggjum fleiri hjólastíga í Reykjavík og búum til betri og öruggari tengingar
- Fjögum grænum svæðum í göngufæri
- Minnkum matarsóun og gerum Reykjavík veganvæna
- Fleiri hlöður um alla borg – fjögum rafhleðslustöðum í bílastæðahúsum og í götum
- Einföldum stjórnsýsluna með aukinni snjallþjónustu í Reykjavík
- Flokkum enn meira og hefjum lífræna flokkun
- Gerum græna fjárhagsáætlun og tryggjum að öll innkaup borgarinnar séu vistvæn
- Hlúum betur að náttúrulegum og friðlýstum svæðum innan borgarinnar
- Mörkum stefnu um aukin loftgæði í Reykjavík og vinnum gegn svifryki og loftmengun
- Stóraukum kolefnisbindingu, endurheimtum votlendi og blásam til sóknar í skógrækt í borgarlandinu

FEMÍNÍSKA REYKJAVÍK

STÓRBÆTUM KJÖR KVENNASTÉTTA HJÁ REYKJAVÍKURBORG OG ÚTRÝMUM KYNBUNDNU OFBELDI OG MISMUNUN

- Vinnum gegn margþættri mismunun og misskiptingu í Reykjavík
- Hækkum laun ófagmenntaðs starfsfólks
- Upprætum með öllu launamun kynjanna
- Styttum vinnuvíkuna og drögum úr streitu
- Höldum áfram að breyta samfélaginu í anda femínískra byltinga undanfarinna áratuga

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

AÐ VAXA ÚR GRASI Í REYKJAVÍK

Menntun, menning, íþróttir og velferð barna

Börn eru eins og fræ. Við vitum ekki hvers konar blóm þau verða en óhindraður aðgangur að menntun, uppbyggilegu félagsstarfi og bjargráðum er nauðsynlegur til þess að þau geti blómstrað á sínum forsendum. Menntun á að vera fyrir öll börn, allt frá leikskóla og upp úr, óháð fjárhag eða stöðu foreldra þeirra. Hún á að vera endurgjaldslaus.

+ Brúum umönnunarbilið

- Opnum ungbarnadeildir í borgarreknunum leikskólum í öllum hverfum
- Mönnum leikskólana með fagfólki og styðjum faglegt frelsi þess
- Gerum þjónustusamninga við dagforeldra til að tryggja þjónustu við ung börn.

+ Fullmönnum alla leikskóla

- Hækkum laun starfsfólks á leikskólum
- Styrkjum ófaglært starfsfólk á leikskólum enn frekar til að verða leikskólakennarar
- Höldum áfram að bæta starfsaðstæður starfsfólks leikskóla
- Aukum afleysingu og undirbúningstíma á leikskólum

+ Framúrskarandi borgarreknir grunnskólar

- Höldum áfram að vinna að gjaldfrjálsum grunnskóla
- Vindum ofan af markaðsvæðingu skólakerfisins
- Eflum faglegt sjálfstæði og sveigjanleika grunnskólakennara í öllum fögum og tryggjum fjármagn til þess
- Eflum kennslu list-, verk- og tæknigreina
- Aukum fjölbreytni í skólamötuneytum með grænmetis- og vegan-valkostum
- Stóreflum safnkost grunnskólabókasafna
- Eflum móðurmálkennslu og íslenskukennslu fyrir börn með annað tungumál að móðurmáli



VINSTRI GRÆN

+ Öflugar félagsmiðstöðvar og frístundaheimili

- Fjölum heilsársstörfum og komum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í varanlegt og viðunandi húsnæði
- Stóreflum félagsmiðstöðvanna fyrir 10-12 ára börn
- Jöfnum aðgengi barna með félagslegum stuðningi í félagsmiðstöðvum
- Festum í sessi rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar
- Styðjum við þarfir 16-18 ára ungmenna um frístundastarf

+ Barnamenning og öflugt íþróttastarf

- Opnum barnamenningarhús með skapandi starfi með börnum og fyrir börn
- Vinnum með íþróttahreyfingunni að því að uppræta einelti og kynferðislega áreitni
- Fjölum og stækkum skólahljómsveitir
- Þjóðum ungu listafólki upp á aðstöðu til æfinga og sköpunar í húsnæði borgarinnar
- Skoðum möguleikana á að opna vísindasafn fyrir börn og fullorðna í borginni

+ Bjargir fyrir börnin í borginni

- Tökum höndum saman við ríkið og tryggjum úrræði sem hægt er að grípa til strax og börn og ungmenni lenda í sálarháská eða fíknivanda
- Gerum sálfræðimeðferð aðgengilega fyrir öll börn-
- Útrýmum barnafátækt með því að draga úr gjaldtöku í grunnþjónustu við börn og afnemunum gjaldtöku í menntakerfinu
- Minnkum álag á Barnavernd, fækkum málum á hvern ráðgjafa og eflum eftirlit með þjónustunni



VINSTRI GRÆN

AÐ KOMA UNDIR SIG FÓTUNUM Í REYKJAVÍK

Velferðarþjónusta og húsnæðismál

Það á að vera gott að búa í Reykjavík. Hér á fólk að vilja lifa, læra, vinna, elska og vera. Þess vegna á að huga vel að félagslegri velferð allra íbúa í Reykjavík og innviðum borgarinnar. Þjónusta við alla aldurshópa og hvers kyns fjölskylduform, hvort sem það eru barnafjölskyldur eða einstaklingar, fólk sem þarf aðstoð við hið daglega líf, fólk sem flytur hingað utan úr heimi eða á bara leið framhjá og dvelur í stuttan tíma. Þjónusta borgarinnar á að mæta þörfum fólks og á að vera veitt á samfélagslegum forsendum. Í borginni á að vera fjölbreytt framboð húsnæðis, fjölbreytt íbúasamsetning í hverfum og öruggur og sanngjarnan leigumarkaður. Við eigum öll að geta fundið okkur stað í borginni.

• Réttláta Reykjavík

- Hækkum fjárhagsaðstoð, setjum framfærsluviðmið fyrir borgina og útrýmum fátækt
- Fjölum úrræðum fyrir börn og setjum viðmið um hámarkstíma við vinnslu mála
- Vinnum í anda skaðaminnkandi nálgunar og *Húsnæði fyrst*-hugmyndafræðinnar
- Endurvekjum dagþjónustu fyrir utangarðsfólk í borginni
- Stöndum vörð um borgarrekna velferðarþjónustu og útvistum ekki viðkvæmri þjónustu við fólk
- Reykjavíkurborg móti sér stefnu um ásættanlegan launamun milli hæstu og lægstu launa hjá borginni.

+ Réttindamiðuð þjónusta við fatlað fólk

- Gerum tímasetta áætlun um innleiðingu NPA svo að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi í Reykjavík
- Fjölum búsetuúrræðum sem mæta þörfum fatlaðs fólks og geðfatlaðs
- Komum á stuðningsþjónustuteymum sem veita þjónustu á forsendum fatlaðs fólks
- Þjóðum fötluðu fólki störf hjá Reykjavíkurborg og hrindum í framkvæmd áætlun um starfsendurhæfingu og virkniúrræði
- Stofnum styrkjaþott Ferlinefndar fatlaðs fólks sem félög/fyrirtæki geta sótt í til að laga aðgengismálin hjá sér

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

+Húsnæði fyrir fólk, ekki fjármagn

- Endurreisum verkamannabústaðakerfið
- Reykjavík verði gerandi í uppbyggingu leiguhúsnæðis í samráði við verkalýðsfélögin
- Styðjum enn frekar við félagslega rekin leigufélög
- Útrýmum biðlistum fyrir fólk í brýnni þörf eftir félagslegu leiguhúsnæði
- Fjölgu félagslegum leiguíbúðum um 600 á kjörtímabilinu
- Náum tvíhliða samningum við Airbnb og endurheimtum húsnæði sem er farið af langtímaleigumarkaði undir ferðamennsku

AÐ ELDAST Í REYKJAVÍK

Aldursvæn borg

Fólk á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að eldast í sífellt vaxandi og stækkandi borg. Reykjavíkurborg verði aldursvæn borg þar sem eldra fólk hefur val um búsetu og þjónustu og fær að njóta lífsins á þann máta sem það kýs.

+Heilsuefning og lífsgleði eldra fólks

- Tökum í gagnið menningar- og lýðheilsukort fyrir eldra fólk
- Fjölgu verkefnum sem stuðla að samveru kynslóða á borð við háskólanema sem leigja íbúðir í þjónustuíbúðakjörnum fyrir aldraða
- Klárum innleiðingu endurhæfingar í heimahúsi
- Við skipulag borgarinnar þarf að taka tillit til þarfa eldri borgara
- Innflytjendur og hinsegin fólk eldist líka. Fræðum starfsfólk um ólíka stöðu eldra fólks í samfélaginu
- Lækkum gjaldskrár á eldra fólk sem býr við fátækt

+Húsnæði og þjónusta við eldra fólk

- Fjölgu hjúkrunarrýmum um 200 á kjörtímabilinu
- Eflum heimþjónustu og heimahjúkrun með auknum fjárveitingum frá ríkinu og komum á fót sérhæfðri heimahjúkrun fyrir heilablaðra
- Aukum framboð af fjölbreyttum búsetukostum fyrir eldra fólk

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

ANDRÝMIÐ Í REYKJAVÍK

Menningin, umhverfið, náttúran og skipulag borgar

Reykjavík iðar af fjölbreytni, lífi og fjöri, fólk er atorkusamt og horfir fram á veginn, skapar, framkvæmir og upplifir. Reykvíkingar búa við það lán að geta bæði verið í skarkala mannlífsins og hringiðu menningar, lista og fjölbreyttrar afþreyingar en líka upplifað mikla nálægð við ósnortna náttúru, hafið og dýralíf. Hvort tveggja er sérstaða sem við verðum að vanda okkur við að hlúa að. Fjölbreytt menningarlíf og ákveðnari skref í umhverfismálum borgarinnar á að vera lykilatriði í öllu skipulagi og ákvörðunum svo við getum búið til borg fyrir bæði menn, gróður og dýr.



VINSTRI GRÆN

+ Menning fyrir okkur öll

- Tryggjum söfnum og menningarstofnunum í Reykjavík góð starfs- og vaxtarskilyrði og faglegt frelsi
- Við viljum öflug menningarhús í hverfabókasöfnunum
- Við ætlum að auka aðgengi fólks að menningu, meðal annars með afslöppuðum sýningum og táknmálstúlkun
- Aukum áherslu á fjölbjóðlega menningu og aukum aðgengi og þátttöku innflytjenda að listviðburðum borgarinnar
- Fleiri hátíðir og öflugri menningarstarfssemi út í hverfin
- Lyftum umhverfi okkar upp með fleiri útilistaverkum, gosbrunnum og veggjalist og fjölgum verkum eftir konur í borgarlandinu og gerum þær sýnilegar

+ Stærri græn skref

- Stígum fastar til jarðar í umhverfisvernd í Reykjavík, aukum loftgæði og vatnsgæði og bætum frárennismál
- Hefjum framkvæmdir við borgarlínu í samvinnu við ríkið
- Aukum tíðni ferða og bætum leiðakerfi Strætó
- Fjölgum hjólastígum og rafhleðslustöðvum og gerum bílafloa borgarinnar vistvænan
- Stofnum gestastofu um náttúrufræðslu í Reykjavík og fræðum íbúa um náttúru og menningararf

+ Flokkum meira og sóum minna

- Flokkum meira sorp og byrjum að flokka lífrænt
- Komum í veg fyrir matarsóun og gerum Reykjavík veganvæna
- Drögum stórlega úr innkaupum, einnota umbúðum og plasti í borginni
- Drögum úr neyslu með vitundarvakningu til borgarbúa
- Gerum meiri kröfur til vistvænna innkaupa og innleiðum græna fjárhagsáætlunargerð

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

+ Græn svæði í göngufæri

- Verndum ósnerta náttúru og líffræðilega fjölbreytni í borgarlandinu
- Ráðum borgarlandverði til að sinna fræðslu og náttúruvernd
- Eflum samstarf við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um verndun náttúruverndarsvæða
- Bætum gönguleiðir og hjólastíga á milli þéttbýlis og útivistarsvæða

+ Manngert og skipulagt umhverfi

- Hugsum um heilsu fólks við skipulag samgangna og byggðar
- Framfylgjum Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 og höldum áfram að búa til sjálfbær hverfi
- Fáum íbúa með okkur í lið við skipulagningu í nærumhverfi þeirra
- Fleiri gróðursæla almenningsgarða í þéttri borg
- Verndum eldri byggð og stöndum vörð um söguleg hús

• Ferðapjónusta í sátt við borgarbúa og náttúru

- Sköpum sátt milli íbúa, ferðamanna og ferðapjónustunnar með skýrri stefnumótun um ferðapjónustu í Reykjavík
- Bætum biðskýli á rútustæðum fyrir ferðamenn
- Hefjum samstarf við leiðsögumenn um námskeið til að auka þekkingu þeirra á sögu og menningu borgarinnar
- Útivistar- og náttúruperlur í Reykjavík, á borð við Bláfjöll, Esjuna, Viðey og Öskjuhlíð, séu gerðar aðgengilegri með almenningsgöngum
- Lyftum margvíslegri sögu borgarinnar upp með aðgengilegum upplýsingaskiltum í borgarlandinu

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

FRJÁLSA, FEMÍNÍSKA OG RÉTTLÁTA REYKJAVÍK

Reykjavík fyrir okkur öll

Við viljum öll vera frjals og laus undan oki og ofbeldi, Reykjavík á að vera þannig borg. Byggjum samfélagið á femínískum gildum kvenfrelsis, mannréttinda og fjölmennningar skilyrðislaust. Eitt af stóru verkefnum kvenfrelsisbaráttunnar er að bæta kjör fjölmennra kvennastétta. Í femínísku Reykjavík gefum við engan afslátt af kvenfrelsi og réttindum hinsegin fólks og annarra jaðarsettra hópa í samfélaginu. Femínískar byltingar undanfarinna áratuga eru til marks um hugarfarsbreytingu sem hefur orðið í samfélaginu og við ætlum að halda áfram að vinna að mikilvægum samfélagsbreytingum svo að jafnrétti verði náð.

+ Útrýmum kynbundnu ofbeldi

- Vinnum markvisst að því að útrýma kynbundnu ofbeldi með markvissum aðgerðum í samstarfi við lögreglu, heilbrigðis- og menntakerfi
- Virkjum karlmenn sérstaklega í baráttunni gegn skaðlegri karlmennsku
- Bregðumst við frásögnum kvenna af erlendum uppruna um ofbeldi og fordóma
- Eflum kynjafræðikennslu í leik- og grunnskólum og vinnum gegn staðalmyndum kynja

+ Leiðréttum laun hjá tekjulægstu hópunum

- Klárum að útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg
- Útrýmum stöðluðum hugmyndum um hefðbundin karla- og kvennastörf og aukum þannig náms- og starfsval ungs fólks
- Vinnum að breyttu gildismati á verðmætasköpun starfsgreina
- Vinnum gegn skaðlegum staðalmyndum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar

+ Hinseginborgin Reykjavík

- Gerum þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir hinsegin fólk
- Festum hinsegin félagsmiðstöð unglunga í sessi
- Stórauðum hinseginfræðslu í leikskólum, grunnskólum og á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar



VINSTRI GRÆN

- Eflum þekkingu fagfólks á stöðu transbarna og gerum grunnskóla transvæna

+ Fjölmenningsborgin Reykjavík

- Opnum þjónustumiðstöð fyrir innflytjendur í borginni í anda Bjarkarhlíðarmóðelsins í samvinnu við ríki og önnur sveitarfélög
- Lögum upplýsingaefni borgarinnar að ólíkum hópum innflytjenda frá öðrum tungumálasvæðum til að auka virkni þeirra í samfélaginu
- Styðjum innflytjendur til þátttöku í samfélaginu með sérstakri áherslu á barnafjölskyldur
- Ráðum tengilið innflytjenda í hverfum til reynslu og stuðlum þannig að gagnkvæmri aðlögun

SNJALLA OG LÝÐRÆÐISLEGA REYKJAVÍK

Framtíðin er samtíminn

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi í lýðræðistilraunum, þar sem verkefnið „Hverfið mitt“ hefur verið áberandi. Við þurfum hins vegar að leita fleiri leiða til þess að borgarbúar geti haft aðkomu að málum sem varða þá. Í lýðræðissamfélagi dugir skammt að þátttaka borgara sé aðeins bundin við kosningar fjórða hvert ár. Öllum ætti að vera orðið ljóst að frjótt og gott lýðræði einkennist fyrst og fremst af virku samtali. Þar er algert grundvallaratriði að borgarbúar geti haft aðkomu að þeim ákvörðunum sem þá varða og að þegar þeir fá að taka þátt sé framlag þeirra sannarlega tekið með í reikninginn.

+ Valdið til fólksins

- Fleiri ákvarðanir teknar af íbúum, m.a. með íbúakosningum og íbúáþingum
- Metum hvort Miklabraut eigi að fara í stökk með aðferðum rökræðukönnunar þar sem íbúar komast að upplýstri niðurstöðu með samtali
- Höfum lýðræðislegt samráð um að opna Laugaveg varanlega fyrir gangandi umferð
- Opnum grasrótarmiðstöð og eflum félagslegan auð samfélagsins
- Gerum tilraunir með val á fulltrúum í hverfisráð

+ Snjöll og rafræn Reykjavík

- Innleiðum snjallar lausnir í velferðarþjónustu og í stoðþjónustu við börn
- Klárum rafvæðingu í þjónustu borgarinnar og færum hana nær íbúum

Gerum enn betur í Reykjavík



VINSTRI GRÆN

- Þátttökufjárhagsáætlunargerð verði þróuð áfram með það fyrir augum að stærri þættir fjárhagsáætlunar fari fyrir íbúa Reykjavíkur